

Svo miklar breytingar hafa átt sér stað í innra starfi Fjármálaeftirlitsins frá síðasta ársfundi að segja má að það sé að mörgu leyti orðin ný stofnun.

Um það leyti sem síðasti ársfundur var haldinn fluttum við í nýtt og glæsilegt húsnæði sem var orðið löngu tímabært. Eldra húsnæði hentaði starfseminni ekki vel og auk þess var það orðið of lítið.

Skömmu eftir flutningana hófst mikil og ítarleg vinna við endurskipulagningu á starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Róttækar breytingar urðu á skipuriti við endurskipulagninguna, bæði hvað varðaði verkaskiptingu og áherslur í starfi. Með breytingunni var leitast við að beina kröftunum enn frekar að mikilvægum verkefnum sem okkur fannst ekki hafa tekist að sinna nægilega vel í eldra skipulagi. Dæmi um slíkar úrbætur var að leggja meiri áherslu á setningu ýmissa reglna og tilmæla sem okkur er skylt að gera og auk þess enn meiri áhersla á vettvangsathuganir.

Nýja skipulagið er verkefna miðað en í eldra skipulaginu var eftirlitsstarfseminni skipt niður eftir mörkuðum. Við vinnum að því að treysta nýja skipulagið enn frekar og gæta þess að samræmi sé í eftirlitsviðmóti okkar óháð því hvaða starfsemi fjármálaþjónustunnar er um að ræða. Þetta gerum við meðal annars með því að fara yfir, endurgera og gera nýja verkferla sem við förum eftir við eftirlitsstörfin.

Skipulagsbreytingunum fylgdi því að stöður framkvæmdastjóra eldri eftirlitssviða voru lagðar niður og í stað þeirra voru stofnaðar þrjár stöður framkvæmdastjóra nýrra sviða sem nefnast vettvangsathuganir, eftirlit og greiningar. Ráðið var í nýju stöðurnar í janúar síðastliðnum. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sú sem hér stendur, og framkvæmdastjórar kjarnasviðanna eru því aðrir nú en voru fyrir ári. Þetta

hafði að auki í för með sér að gerðar voru breytingar á störfum og verksviði flestra starfsmanna sem starfa við hefðbundið eftirlit. Þeir einu sem breytingin hafði ekki bein áhrif á eru framkvæmdastjórar og starfsmenn stoðeininganna; reksturs, upplýsingaþjónustu og mannauðs.

Þessar miklu breytingar hafa óneitanlega haft í för með sér mikið álag fyrir allt starfsfólk Fjármálaeftirlitsins. Ég vil nota tækifærið hér og þakka því fyrir þá þrautseigju sem það hefur sýnt og fyrir að vinna áfram af fullri einurð þrátt fyrir að breytingar hafi verið miklar og umtal í þjóðfélaginu neikvætt á stundum.

Og hvað er það svo sem Fjármálaeftirlitið er að gera? Í ársskýrslunni er núna sú nýjung að við birtum annál þar sem lýst er nokkrum atburðum liðins starfsárs. Þá lýsum við stuttlega helstu verkefnum hvers eftirlitssviðs fyrir sig. Sviðið sem hlotið hefur nafnið eftirlit sér um reglulegt fjárhagslegt og lögfræðilegt eftirlit. Þar eru svonefndir ábyrgðarmenn með sérhverjum eftirlitsskyldum aðila. Þannig eru megináherslur sviðsins að hafa yfirsýn yfir starfsemi hvers og eins eftirlitsskylds aðila, að starfsleyfisskilyrði séu jafnan uppfyllt og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni þannig að viðvarandi eftirlit sé viðhaft. Þá leggur sviðið áherslu á að starfshættir á fjármáلامarkaði séu í samræmi við gildandi réttarreglur, þ.á m. varðandi heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Þarna fer fram hæfismat framkvæmdastjóra og stjórnarmanna og innleiðing á reglum og leiðbeinandi tilmælum.

Á sviðinu sem hlotið hefur nafnið vettvangsathuganir eru eins og nafnið ber með sér eiginlegar vettvangsathuganir gerðar, bæði heildarskoðanir á starfsemi fyrirtækja og þemaskoðanir og þar er rannsóknarhópurinn staðsettur.

Eins og kunnugt er hefur Fjármálaeftirlitið á undanförunum árum unnið að rannsóknum á meintum efnahagsbrotum í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008 en þeim mun formlega ljúka um áramótin. Allt að 15 sérfræðingar hafa unnið að þessum rannsóknum. Nú í þessum mánuði höfum við lokið rannsóknum á 167 málum. Alls hafa 49 mál tengd aðdraganda hrunsins verið kærð til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra eða embættis sérstaks saksóknara. Jafnframt hefur 34 málum þar sem um er að ræða meint brot á almennum hegningarlögum verið vísað til embættis sérstaks saksóknara. Málum hefur í

þremur tilvikum verið lokið með beitingu stjórnvaldssekta og 81 máli hefur lokið án aðgerða. Fjármálaeftirlitið hefur áfram lögbundið hlutverk við frumrannsókn efnahagsbrota. Því mun verða fækkað í rannsóknarteymi og verkefni þess munu frá næstu áramótum eingöngu lúta að rannsóknum samtímamála.

Það að hafa sérstakt svið sem nefnist greiningar er tímanna tákn og endurspeglar aukið hlutverk Fjármálaeftirlitsins við að gæta að heildaráhættumati fyrir markaðinn og að meta þörf fyrir möguleg inn grip eftirlitsins, með fjármálastöðugleika að leiðarljósi. Þetta svið starfar náið með Seðlabanka Íslands við að ná fram þessum markmiðum.

Fjármálaeftirlitið hefur nú eftirlit með 121 eftirlitsskyldum aðila. Þar af eru 108 fyrirtæki sem starfa á fjármálamarkaði og 13 slitastjórnir fallinna fjármálafyrirtækja. Meðal eftirlitsskyldra fyrirtækja eru bankar, sparisjóðir, lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, váttryggingafélög, váttryggingamiðlarar, lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.

Ekki er jafn ítarleg yfirferð yfir stöðuna á mörkuðum í ársskýrslunni sem við gefum út í tengslum við þennan ársfund og áður hefur verið. Ástæðuna má rekja til þess að Fjármálaeftirlitið hefur að undanförmu lagt mikla og vaxandi áherslu á miðlun upplýsinga til eftirlitsskyldra aðila, fjölmiðla og almennings jafn óðum og þær eru tiltækar. Þetta átak á sér stoð í stefnu Fjármálaeftirlitsins og má einnig rekja til upplýsingastefnu sem gefin var út í lok nóvember á síðasta ári.

Haldnir hafa verið fjölmiðlafundir um hálfis árs og ársuppgjör viðskiptabankanna 2011 og enn fremur um ársuppgjör lífeyrissjóðanna fyrir árið 2011. Við hófum útgáfu vefrits, sem hlaut nafnið Fjármál, þar sem við birtum meðal annars yfirlitsgrein um afkomu váttryggingafélaga á árinu 2011. Fyrsta eintak Fjármála kom út í mars á þessu ári og nú eru þrjú tölublöð komin út. Efni Fjármála, sem skrifað er af sérfræðingum Fjármálaeftirlitsins, hefur verið vel tekið og hafa fjölmiðlar birt ófáar fréttir þar sem sótt er í efni blaðsins.

Við erum ánægð með hvernig til hefur tekist með þessa áherslubreytingu varðandi upplýsingamiðlun og munum halda áfram á þessari braut. Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins og ársfundur sem þessi er að sjálfsögðu liður í

upplýsingamiðlun Fjármálaeftirlitsins. Ákveðið hefur verið að frá og með næsta ári, þ.e. 2013, verði ársfundir Fjármálaeftirlitsins haldnir að vori. Það verður því tiltölulega stutt í næsta ársfund!

Fjallað er um stöðu á mörkuðum í ársskýrslunni þó að í minna mæli sé en áður af þeim ástæðum sem ég hef tilgreint. Þar kemur meðal annars fram að þrátt fyrir sterka eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu bankanna eru tiltekin atriði sem kunna að valda óvissu og gætu haft neikvæð áhrif á afkomu þeirra á næstu misserum. Þar má helst nefna óvissu um gæði útlánasafna, lagalega óvissu hvað varðar útlán tengd erlendum myntum, fjármögnun til lengri tíma, óróa á erlendum mörkuðum og óvissu tengda fyrirhuguðu afnámi gjaldeyrishafta. Vanskilahlutföll útlána hafa farið lækkandi en eru þó enn há í samanburði við nágrannalöndin en sambærileg við það sem gerist í ríkjum sem þurft hafa að kljást við verulega efnahagserfiðleika að undanfögnu. Miðað við reynslu ríkja sem glímt hafa við alvarlega bankakreppu má gera ráð fyrir að langan tíma enn taki að ná vanskilahlutföllum niður í það sem algengt er hjá erlendum bönkum með gott útlánasafn.

Velta hefur aukist á verðbréfamarkaði með tilkomu nýrra fjárfestingarmöguleika, en bæði ný félög og skuldabréf hafa verið skráð á markað. Þannig meira en tvöfaldaðist velta með hlutabréf milli áranna 2010 og 2011 og hefur haldið áfram að aukast það sem af er árinu 2012. Þrátt fyrir aukna veltu með hlutabréf verður hún að teljast nokkuð lág og lítill seljanleiki hefur oftast en ekki valdið skörpum verðbreytingum á hlutabréfaverði. Velta á skuldabréfamarkaði hefur verið lífleg. Meðalmánaðarvelta jókst töluvert á fyrstu sex mánuðum þessa árs eftir samdrátt á árinu 2011 og hefur ekki mælst meiri frá 2008.

Eignir íslensku lífeyrissjóðanna náðu fyrir árslok 2011 sama stærðarhlutfalli miðað við verga landsframleiðslu og var fyrir fall bankanna, eða 137%. Eignir þeirra nema um þriðjung af heildareignum allra þeirra aðila sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða var rúmlega 2,5% á árinu 2011 samanborið við 2,65% árið 2010. Undanfarin fimm ár hefur ávöxtun lífeyrissjóðanna ekki náð ávöxtunarviðmiði sjóðanna sem er 3,5% raunávöxtun. Takist ekki að ná umræddu ávöxtunarviðmiði á næstu árum er ljóst að huga þarf

að breytingum á ýmsum forsendum hjá almennu lífeyrissjóðunum, t.d. skerðingu réttinda, hækkun iðgjalda eða hækkun lífeyrisaldurs.

Hagnaður skaðatryggingafélaganna nam tæplega 5 milljörðum króna árið 2011 sem er aukning um 2,9 milljarða króna frá árinu áður. Öll líftryggingafélögin voru rekin með hagnaði sem nam 1,3 milljarði króna sem er nokkur lækkun frá árinu áður. Öll váttryggingafélögin uppfylla kröfur laga um lágmarksgjaldþol.

Stærð Fjármálaeftirlitsins hefur verið nokkuð umtöluð en eins og fram hefur komið eru starfsmenn nánast tvöfalt fleiri en var haustið 2008. Oft hefur í því sambandi verið bent á að fjármálakerfið á Íslandi hafi minnkað mjög og sé einfaldara en á tímum uppgangs fyrr á þessari öld. Samhliða eru þó gerðar ríkar kröfur um að starfsemi Fjármálaeftirlitsins sé stórbætt og standist samjöfnuð við það sem best er. Gangverk Fjármálaeftirlitsins er hluti af alþjóðlegu umhverfi á sínu sviði. Stofnunin starfar í samræmi við lög, reglur, staðla og leiðbeiningar sem settar eru á grundvelli aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og þátttöku sem áheyrnarfulltrúar hjá nýju evrópsku eftirlitsstofnununum. Þessu fylgir að starfsemin er skoðuð af innlendum sem erlendum aðilum.

Sem dæmi um eftirlit með Fjármálaeftirlitinu má nefna að þar sem stutt er um liðið frá því að Ísland var undir svonefndri áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fylgist sendinefnd sjóðsins enn með starfsemi stofnunarinnar. Á árinu 2011 var einnig gerð úttekt á því hvernig Fjármálaeftirlitið fullnægir svonefndum kjarnaviðmiðum Basel um skilvirkt bankaeftirlit. Slíkt mat verður endurtekið af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á síðari hluta næsta árs. Þá hefur regluverk fjármálaþjónustunnar á Íslandi og starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins verið rýnt í tengslum við umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Þá hafa nýlega litið dagsins ljós tillögur þriggja manna ráðgefandi nefndar sem leggur til að sett verði ný rammalöggjöf um fjármálastöðugleika, auk laga um uppgjör fjármálafyrirtækja í vanda og fleira þess háttar.

Fjármálaeftirlitið er þrettán ára gömul stofnun sem varð til með sameiningu bankaftirlits Seðlabanka Íslands og Váttryggingaefnirlitsins 1. janúar 1999. Fjármálaeftirlitið er því búið að slíta barnsskónum og er ekki laust við að stofnunin hafi þurft að ganga í gegnum ýmis átök sem fylgja því að þroskast. Þá hafa

kröfurnar sem gerðar eru til stofnunarinnar eins og að framan greinir verið talsverðar og vaxandi. Það skiptir miklu máli fyrir íslenskan fjármálamarkað að Fjármálaeftirlitið standist þær með sóma.

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins